

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 3/1973. **Samband veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótels Loftleiða**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna þess á Hótel Loftleiðum

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Bjarni K. Bjarnason, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkfall dæmt ólöglegt. Dómkröfu um ákveðinn skilning á ákvæði í kjarasamningi vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 3. þ. m., af Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótels Loftleiða gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna þess á Hótel Loftleiðum.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að verkfall það, sem framkvæmt var fyrirvaralaust á hádegi 2. apríl sl. á Hótel Loftleiðum fyrir atbeina hins stefnda félags og enn stendur, verði dæmt ólöglegt.

2. Að hinu stefnda félagi verði gert að greiða sekt fyrir hið ólöglega verkfall.

3. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á 1. gr. kjarasamnings milli málsaðilja frá 22. ágúst 1972, að

framreiðslumönnum beri að haga svo álagningu þjónustugjalds, 15% og söluskatts 13%, að í fullu samræmi sé við ákvæði 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, og að skila til veitingamanns öllum þannig álögðum og innheimtum söluskatti.

4. Að hinu stefnda félagi verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi, að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Jafnframt hefur hann samkvæmt 53. gr. laga nr. 80/1938 gert þessar gagnkröfur:

1. að dæmt verði, að verkþann það, sem hóteltjóri Hótel Loftleiða efndi til á hádegi 2. apríl sl., án þess að fullnægt væri ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938, verði dæmt ólögmaett.

2. að Sambandi veitinga- og gistihúsaiegenda verði gert að greiða sekt vegna hins ólögmeta verkþanns.

3. að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur Félags framreiðslumanna á 1. gr. kjarasamnings aðilja frá 22. ágúst 1972, að framreiðslumönnum beri þjónustugjald, sem miðað sé við söluverð vörunnar til gestsins að öllu meðtöldu, öðru en þjónustugjaldinu sjálfu.

4. að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

I.

Mál þetta á sér alllangan aðdraganda, og er hann í höfuðdráttum á þessa leið.

Í 1. gr. samnings, sem dagsettur er 22. ágúst 1972 og aðiljar telja að í gildi sé milli þeirra sem kjarasamningur, segir svo:

„Framreiðslumenn fá þóknun frá viðskiptamönnum fyrir starf sitt. Skal sú þóknun vera 15% miðað við verð veitinga til almennings“.

Ákvæði sama efnis hefur verið í kjarasamningum aðilja máls þessa nokkur undanfarin ár. Í þeim kjarasamningi aðilja, sem gerður var 4. júní 1965, var tilsvarendi ákvæði á þessa leið:

„Framreiðslumenn og barmenn taka ekki kaup hjá atvinnurekanda, en fá þóknun frá viðskiptamönnum sem

greiðslu fyrir starf sitt. Skal sú þóknun vera 15% miðað við verð veitinga til almennings“.

Í flutningi málsins kom fram, að orðin „miðað við verð veitinga til almennings“, ættu rót sína að rekja til þess, að veitingahús, sem rekið var af stjórnmalafélagi, hefði á fundum, sem félagið efndi til, gefið fundarmönnum afslátt frá almennu verði veitinga. Framreiðslumenn hefðu talið sig verða fyrir tjóni fyrir þær sakir, vegna lægra þjónustugjalds. Hefði ákvæðið um verð til almennings því verið tekið upp í kjarasamninginn til að tryggja framreiðslumönnum ákveðið þjónustugjald, þótt veitingahús veitti afslátt frá almennu verði á veitingum.

Samkvæmt skýrslu stefnda var hinn 12. maí 1965 á sam-eiginlegum fundi stjórnar Félags framreiðslumanna, trúnaðarráðs félagsins og yfirframreiðslumanna í veitingahúsum, lagður fram af þáverandi formanni félagsins útreikningur á verði veitinga til gesta, „þar sem þjónustugjaldið var reiknað af verði veitinganna að meðtöldum 10% „skatti“, sem veitingamenn lögðu þá á verðið“. Segir stefndi að þessari reikningsaðferð hafi svo verið beitt þegar hinn sama dag.

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda mótmælti þessari reikningsaðferð með símskeyti til Félags framreiðslumanna þegar næsta dag. Hófst upp úr þessu hörð deila milli nefndra aðilja, m. a. um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins.

Við gerð kjarasamningsins frá 4. júní 1965 varð það að samkomulagi með deiluaðiljum að skjóta til almennra dómstóla eða Félagsdóms ágreiningi um það, hvort framreiðslumönnum væri heimilt að leggja þjónustugjaldið ofan á söluskatt. Jafnframt var samið um það, að Félag framreiðslumanna tæki á sig alla ábyrgð og áhættu af því, hvort „það væri í samræmi við íslensk lög, að þjónustugjald sé lagt á söluskattinn“, en Samband veitinga- og gistihúsaeigenda lýsti því, að það léti óatalið að framreiðslumenn leggðu „þjónustugjald ofan á söluskattinn, þar til úrslit viðkomandi dómstóls liggur fyrir“.

Dráttur varð á, að nefndur ágreiningur væri borinn undir dómstóla og hafði það ekki verið gert, þegar kjarasamningur málsaðilja frá 4. júní 1965 féll úr gildi 1. júní 1966. Nýir

samningar tókust ekki og 15. júlí 1966 voru sett bráðabirgðalög þess efnis, að gerðardómur skyldi ákveða kaup og kjör framreiðslumanna. Úrskurður gerðardóms þessa var kveðinn upp 30. des. 1966, og var 1. gr. þá orðuð svo:

„Framreiðslumenn og barmenn, sem vinna upp á prósentur, skulu fá 15% þóknun miðað við verð seldra veitinga“.

Enn kom upp ágreiningur um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins, og höfðaði Samband veitinga- og gistihúsaeigenda mál fyrir Félagsdómi í janúar 1967 gegn Félagi framreiðslumanna. Mál þetta var tvíþætt. Fjallaði það bæði um þá kröfu veitingahúsaeigenda, að framreiðslumönnum væri óheimilt að leggja þjónustugjaldið á söluskattinn og svo um skilning á verðskrá um áfengisverð, sem um skeið var mikið ágreiningsefni málsaðilja.

Hinn 31. janúar 1967 var enn gerður kjarasamningur milli málsaðilja, án þess þó að þeir gerðu hreint fyrir sínum dyrum um ágreininginn um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins. Þessi kjarasamningur gildi til 1. október s. á.

Næst var kjarasamningur gerður 1. apríl 1968 og gildi hann til 1. apríl 1969.

Haustið 1968 hófust viðræður í svonefndri samstarfsnefnd aðilja, sem skipuð var fulltrúum frá veitingamönnum og framreiðslumönnum. Hinn 12. des. s. á varð nefndin, að sögn stefnda, sammála um tilhögun verðlagningar á áfengi á veitingastöðum og var gefin út verðskrá, sem felur í sér þá skipan, að vínverð er reiknað út með tilliti til rýrnunar, og þjónustugjaldið reiknað af vínverðinu að söluskatti meðtöldum. Félagsdómsmál það, er höfðað var í janúar 1967, var þá enn rekið fyrir dómnum, en það féll niður 6. maí 1970, er aðiljar sóttu eigi dómþing. En áður en það gerðist, var komið af stað bæjarþingsmálið Dana Jóhannsdóttir gegn Sigmari Péturssyni veitingamanni, þingfest 25. sept. 1969, en mál þetta fjallaði í reynd að efni til um það síkvika deilumál framreiðslumanna og veitingahúsaeigenda, hvort þeim fyrrnefndu væri rétt að leggja þjónustugjaldið á verð veitinga að viðbættum söluskatti.

Við samningaumleitunir um kjarasamninga, er fram fóru milli málsaðilja fyrri hluta árs 1971, er álagningargrundvöll-

ur þjónustugjaldsins enn ágreiningsefni, en þá höfðu kjarasamningar verið lausir í nærfellt tvö ár. Þá skömmu áður, eða í desembermánuði 1970, hafði verið kveðinn upp dómur í áðurnefndu bæjarþingsmáli. Með þeim dómi var í meginatriðum fallizt á viðhorf veitingahúsaeygenda um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins. Segir stefnandi, að af því tilefni hafi í samningaviðræðunum verið rætt um áhrif málsúrslita bæjarþingsmálsins.

Þær umræður leiddu eigi til neins samkomulags um þjónustugjaldsdeiluna og sátu báðir aðiljar við sinn keip, en framreiðslumenn munu hafa staðið að áfrýjun málsins, sem ekki hefur enn verið dæmt í Hæstarétti.

Í aprilmánuði 1972 kveðst stefnandi hafa óskað eftir viðræðufundi við stjórn Félags framreiðslumanna til þess m. a. ræða um hugsanlegt samkomulag í þjónustugjaldsmálinu. Af þeim fundi varð ekki, og segir stefnandi, að tilkynnt hafi verið af hálfu stjórnar framreiðslumanna, að hún hafnaði öllum viðræðum um útreikning þjónustugjaldsins.

Af þessu tilefni kveður stefnandi, að boðað hafi verið til almenns fundar veitingamanna hinn 14. apríl 1972. Hafi þar verið samþykkt að segja upp þágildandi samningum við Félag framreiðslumanna frá 11. maí 1971 til þess að fá endanlega skorið úr ágreiningi þeim, sem verið hafi milli veitingahúsaeygenda og framreiðslumanna um framkvæmd álagningar á þjónustugjald og söluskatt, og skil framreiðslumanna á innheimtum söluskatti.

Í samningaumleitunum þeim, sem því næst fóru fram, ritaði samninganefnd Félags framreiðslumanna gagnaðila sínum svohljóðandi bréf hinn 11. júlí f. á.:

„Vegna þeirra atriða, sem fram komu af hálfu Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda á samningafundi í dag, vill samninganefnd Félags framreiðslumanna taka eftirfarandi fram:

Félag framreiðslumanna telur, að núverandi framkvæmd við álagningu þjónustugjalds hafi verið samþykkt af báðum aðilum um leið og samið var um rýrnun með milligöngu samstarfsnefndar F.F. og S.V.G. Það er álit félagsins, að þá hafi verið leystur í einu lagi sá ágreiningur, sem var á milli

aðila og var þá til meðferðar í Félagsdómi að tilhlutan S.V.G. Þessu til stuðnings bendir félagið á, að eftir að samkomulagið var gert og sameiginleg verðskrá aðila, byggð á núverandi fyrirkomulagi, kom út, var Félagsdómsmálið látið falla niður. Inn í mál þeirra Dönu Jóhannsdóttur og Sigmars Péturssonar spinnast fleiri atriði, t. d. aðild Sigmars að S.V.G., og getur því félagið ekki fallizt á að binda sig á nokkurn hátt gagnvart S.V.G. um breytingar á gerðu samkomulagi á grundvelli niðurstöðu Hæstaréttar í því máli.

Að því er varðar kröfur veitingamanna um greiðslu fæðispeninga vill nefndin taka fram, að hún er ekki til viðræðu um afsal þeirra fæðishlunninda, sem framreiðslumenn hafa notið um margra ára skeið.

Nefndin tekur fram, að bréf þetta er ritað á hennar ábyrgð, en mun verða lagt fyrir stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Í samninganefnd Félags framreiðslumanna“.

Samninganefnd Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda svaraði samdægurs með svolátandi bréfi:

„Með tilvísun til bréfs samninganefndar Félags framreiðslumanna, dagsett í dag, leyfir samninganefnd S.V.G. sér hér með að mótmæla eindregið þeirri fullyrðingu, sem fram kemur í téðu bréfi, að núverandi framkvæmd við álagningu þjónustugjalds hafi verið samþykkt af hálfu S.V.G. um leið og samið var um rýrnun með milligöngu samstarfsnefnda F.F. og S.V.G.

Bendir samninganefndin á, að við síðustu samningsviðræður, í marz 1971, voru aðilar ásáttir um, að úr þessum ágreiningi aðilanna myndi fást skorið með dómi Hæstaréttar í máli Dönu Jóhannsdóttur og Sigmars Péturssonar, og kemur okkur því á óvart hin breytta afstaða Félags framreiðslumanna nú.

Við ítrekum því þau tilmæli okkar á fundi með samninganefnd F.F., nú fyrr í dag, að við samningsgerðina nú verði gengið frá yfirlýsingu á milli aðilanna um, að andvirði þeirra 1.65%, sem ágreiningur er um, verði sett inn á sérstakan reikning, unz dómur Hæstaréttar liggur fyrir um ágreininginn.

Samninganefnd S.V.G.“.

Hinn 22. júlí 1972 varð samkomulag um nýjan kjarasamning milli samninganefndanna. Undir þetta samkomulag rituðu fulltrúar veitingahúsaeigenda með svofelldum hætti:

„F. h. Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda með fyrirvara, er felst í eftirfarandi yfirlýsingu, svo og um samþykki félagsfundar:

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda hefur vefengt, að framreiðslumönnum sé heimilt að reikna þjónustugjald af söluskatti og á þann hátt að auka þjónustugjald sitt um 1.65% —3.30% í stað þess að innheimta og skila 11% söluskatti af þjónustugjaldi í samræmi við ákvæði í 1. og 2. gr. kjarasamnings aðila og 2. gr. 1. nr. 10/1960, sbr. 1. gr. 1. nr. 3/1970. Með því að samninganefnd Félags framreiðslumanna hefur ekki fallizt á að undirrita sameiginlega yfirlýsingu um að aðilar kjarasamnings þessa séu ásáttir um að á væntanlegan dóm Hæstaréttar í máli Dönu Jóhannsdóttur gegn Sigmari Péturssyni verði litið sem endanlegan úrskurð um framanritaðan ágreining, lýsir samninganefnd S.V.G. yfir því, að þótt nefndin nú undirriti framanritaðan kjarasamning, þá áskilur hún S.V.G. allan rétt til þess að höfða mál fyrir hlutadeigandi dómstól til þess að fá skorið úr ágreiningi þessum um leið og nefndin áskilur einstökum veitingahúsum innan vébanda S.V.G. allan rétt til þess að endurkrefja einstaka framreiðslumenn um allt það fé, sem þeir kunna að hafa oftekið samkvæmt framansögðu á undanförunum árum“.

Undirritun af hálfu framreiðslumanna var hins vegar á þessa leið:

„Í tilefni af yfirlýsingu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda hér að framan, tekur Félag framreiðslumanna fram, að það telur, að með útgáfu sameiginlegrar verðskrár frá 2. desember 1968 hafi endanlega verið leyst úr ágreiningi aðila varðandi skilning á 1. mgr. 1. gr. kjarasamnings aðila og sé því núverandi tilhögum við álagningu þjónustugjalds samningsbundin. Félag framreiðslumanna mótmælir því fyrirvara Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, sem í yfirlýsingunni felst, en þar sem hér er um að ræða atriði, sem Félagsdómur mundi eiga úrskurðarvald um, undirritar nefndin framanritaðan kjarasamning með þessari athugasemd“.

Samningsuppkast þetta var fellt í Félagi framreiðslumanna. Voru samningaumleitarnir því næst teknar upp á ný og kjarasamningar undirritaðir 22. ágúst 1972.

Jafnhliða þeirri undirritun afhentu fulltrúar veitingahúsa- eigenda fulltrúum framreiðslumanna svohljóðandi yfirlýsingu:

„Reykjavík, 22. ágúst 1972.

Samninganefnd Félags framreiðslumanna, Reykjavík.

Með hliðsjón af samningi þeim, sem nú hefur verið undirritaður í dag um kaup og kjör framreiðslumanna, vill samninganefnd S.V.G. taka fram eftirfarandi:

Eins og áður hefur komið fram í samningsviðræðum aðila, sbr. fyrirvara við samning, dags. 22/7 1972, hefur S.V.G. vefengt, að framreiðslumönnum sé heimilt að reikna þjónustugjald af söluskatti í stað þess að innheimta og skila söluskatti af þjónustugjaldi í samræmi við ákvæði í 1. og 2. gr. kjarasamnings aðila og 2. gr. 1. nr. 10/1960, sbr. 1. gr. 1. nr. 3/1970.

Með því að aðilar samningsins hafa ekki getað orðið ásáttir um, að dómur í máli því, sem nú er rekið fyrir Hæstarétti út af samskonar ágreiningi, verði talinn skera endanlega úr þessum ágreiningi, vill samninganefnd S.V.G., þrátt fyrir undirritun sína nú undir samninginn, ekki láta hjá líða að áskilja S.V.G. allan rétt til þess að höfða mál fyrir hlutaðeigandi dómstóli til þess að fá skorið úr ágreiningi þessum“.

II.

Eftir þessi málalok hinn 22. ágúst f. á. stendur enn allt við það sama um þjónustugjaldið, sem framreiðslumenn leggja áfram á verð veitinganna að viðbættum söluskatti.

Næst gerist það, að ákveðið er með lögum nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, að leggja 2% viðlagagjald á allan söluskattsstofn um eins árs skeið frá 1. marz þ. á. Segir m. a. í 8. gr. laganna, að sú hækkun á útsöluverði og þjónustu, sem af þessu gjaldi hljótist, skuli ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Í tilefni af þessari lagsætningu ritaði stefnandi fjármálaráðuneytinu hinn 1. marz sl. eftirfarandi bréf:

„Við tilvísun viðræður undirritaðs við ráðuneytisstjóra, Jón Sigurðsson, varðandi 2% viðlagagjald á söluskattsstofn, sem innheimt skal á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febr. 1974, sbr. ákv. í 8. gr. l. nr. 4/1973.

Hinu háa ráðuneyti mun vera kunnugt um þá deilu, sem verið hefur um framkvæmd álagningar þjónustugjalds, þar sem þjónar hafa, þrátt fyrir andmæli veitingamanna lagt þjónustugjald á með eftirfarandi hætti:

1. verð vöru frá veitingahúsi	kr. 100.00
2. söluskattur 11%	— 11.00
	—————
	kr. 111.00
3. þjónustugjald 15%	— 16.65

Heildarverð kr. 127.65

Eins og sést af þessu dæmi, reiknast enginn söluskattur af þjónustugjaldinu. Að sjálfsögðu geta allir aðilar átt von á því, að með innheimtu viðlagagjaldsins skv. l. nr. 4/1973 muni þjónar ætla að hafa sama hátt á um álagningu þess og um álagningu söluskattsins og á þann hátt að hagnast á álagningu viðlagagjaldsins.

Við leyfum okkur því að spyrjast fyrir um það hjá hinu háa ráðuneyti, hvaða reglum skuli fylgja um álagningu og innheimtu söluskatts 11% og viðlagagjaldsins 2%, sbr. auglýsingu ráðuneytisins í dagbl. í gær, og óskum eftir skriflegum fyrirmælum yðar í þeim efnum“.

Til svars þessari fyrirspurn sendi ráðuneytið 2. s. m. stefnanda ljósrit af bréfi ríkisskattstjóra til fjármálaráðuneytisins, dags. sama dag, svohljóðandi:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. í dag, ásamt viðfestri fyrirspurn Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 4/1973 skal leggja viðlagagjald á söluskattsstofn frá 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974. Viðlagagjaldið reiknast að öllu leyti eins og söluskatturinn, og er þess ekki krafizt, að því sé haldið sérgreindu frá söluskatti við útskrift reikninga

og söluskattsskil. Framkvæmdin verður því sú sama og orðið hefði, ef söluskattur hefði hækkað í 13%.

2. Þjónustugjald í veitingahúsum er söluskattsskylt skv. 9. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt, og ber veitingahúsum að skila söluskatti miðað við heildarandvirði hins selda að meðtöldu þjónustugjaldi.
3. Reikningar, sem gefnir eru út af veitingahúsum með upplýsingum um innheimtan söluskatt af viðskiptavinum, ættu því að sýna eftirfarandi niðurstöður:

Verð vöru (án sölusk. og þjgj.)	kr. 100.00
Þjónustugjald 15%	— 15.00
	Kr. 115.00
Söluskattur og viðlagagj. 13%	— 15.00
	Kr. 130.00

Hlutfall þjónustugjalds, sem hér er reiknað 15%, er hins vegar mál veitingahúseigenda og þjóna.

4. Eins og áður segir, verður söluskattur og viðlagagjald samtals 13%, sem heimilt er við söluskattsskil að reikna 11.5% af heildarveltu með söluskatti og viðlagagjaldi“.

Hinn 3. marz sl. boðaði stjórn Sambands veitinga- og gisti-húsaiegenda til fundar með stjórn Félags framreiðslumanna. Kynnti hún stjórn stefnda framangreint bréf fjármálaráðuneytisins og óskaði eftir því að sögn stefnanda, að eftirleiðis yrði álagningu og innheimtu 13% söluskatts hagað í samræmi við þá ákvörðun, sem fram kæmi í nefndu bréfi ráðuneytisins, og yrði söluskattinum þannig álögðum skilað til veitingamanna.

Ekki er neitt fram komið í málinu um undirtektir framreiðslumanna á fundi þessum, en 6. s. m. sendi stefnandi stefnda afrit af ráðuneytisbréfinu. Jafnhliða þessu unnu veitingahúsaiegendur, að sögn stefnanda, að gerð nýrra verðskráa yfir mat og vín, þar sem 15% þjónustugjald og 13% söluskattur var falið í heildarverði. Kveður stefnandi, að

Þetta hafi verið gert til aukins hagræðis fyrir gesti og jafnframt hafi það verið til samræmis við það, sem tíðkast á hótelum um verðlag á gistingu, í vinstúkum húsanna og söluklefum.

Engar viðræður fóru fram um þetta milli málsaðilja eftir hinn sameiginlega fund 3. marz sl.

Hinn 19. marz sl. sendi stjórn Sambands veitinga- og gisti-húsaiegenda félagsmönnum sínum eftirfarandi leiðbeiningar um framkvæmd nýrrar tilhögunar þess efnis, að framvegis verði þjónustugjald og söluskattur innifalið í verði veitinga-húsanna:

„A. Hið breytta fyrirkomulag skal taka gildi samtímis á öllum vínveitingahúsum í landinu, mánudaginn 2. apríl 1973.

1) Þann dag skulu matseðlar og vínlistar sýna verð, þar sem innifalið er í verðinu 15% þjónustugjald og 13% söluskattur. Skal þetta eftirleiðis kallað HÚSVERÐ.

2) Þegar 20% þjónustugjald á við, skal bætt á reikning gesta, sem skrifaður er út á húsverði: Aukaþj.gj. 4.20%.

3) Þegar 30% þjónustugjald á við, skal á sama hátt bætt á reikning gesta, sem skrifaður er út á húsverði: Aukagj. 13.04%.

B. Uppgjör framreiðslumanna við veitingamann að lokinni vakt skal fara fram á sérstökum eyðublöðum, sem veitingamaður lætur framreiðslumönnum í té, sbr. hjálagt sýnishorn.

Við útreikning á þjónustugjaldi til framreiðslumanns er þess að geta, að þjónustugjald af heildarsölu er sem hér segir:

1. 15% þjónustugj. þjónn fær ætíð 11.543% af húsverði.
2. 20% þjónustugj. þjónn fær ætíð 14.75% af húsverði að viðbættu aukapjónustugjaldi.
3. 30% þjónustugj. þjónn fær ætíð 20.43% af húsverði að viðbættu aukapjónustugjaldi.

Nauðsynlegt er að veitingamenn veki athygli framreiðslumanna á því, að þegar um aukapjónustugjald er að ræða,

beri framreiðslumanni að bomma á kassa þá upphæð í einu lagi, sem aukabjónustugjaldi nemur og fylgi bomma þessi uppgjóri ásamt afriti af reikningum til gesta.

Við leggjum áherzlu á, að sú framkvæmd, sem hér er ráðgerð, verði tekin upp samtímis í öllum vínveitingahúsum í landinu, og er ætlunin að það verði 2. apríl 1973.

Til þess að svo megi verða, hefur verið ákveðið, að allir veitingamenn í vínveitingahúsum boði starfsfólk sitt (framreiðslufólk) til fundar, hver í sínu húsi, mánudaginn 26. marz n. k., þar sem hver veitingamaður kynni starfsfólki sínu, hvernig framkvæmdinni verði háttað, öll atriði hennar og hvenær hún komi til framkvæmda“.

Samkvæmt þessum fyrirmælum tilkynntu veitingamenn starfsfólki á hótelum borgarinnar þessa tilhögun hinn 26. marz sl. og skýrðu jafnframt frá því, að hinir nýju verðlistar tækju gildi 2. apríl.

Á Hótel Loftleiðum tilkynnti hóteltjórinn, Erling Aspelund, starfsfólki þar nefndar reglur. Við það tækifæri afhenti trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna, Bergþór Bergþórsson, hóteltjóranum eftirfarandi plagg:

„1. Um er að ræða, að þjónunum er lögð á herðar aukin vinna með breyttum uppgjörsmáta, þ. e. vinna við uppgjör í stað þess að greiða beint skv. kassauppgjóri. Þessu er mótmælt skv. 4. gr. samnings, þar sem hér er ekki um að ræða færslu á nótum, heldur breytta vinnuaðferð, sem skerðir kjör framreiðslumanna.

2. En fyrst og fremst er hér um að ræða stórfellda skerðingu á launakjörum eða rúmlega 11% af launum. Þetta er ekki einungis fráleitt, heldur svo ósvífið, að ætla að reyna slíkt á miðjum samningstíma, án þess að nokkurt sjáanlegt tilefni sé fyrir hendi, að það er ekki einungis til þess fallið að móðga framreiðslumenn, heldur og til að félag þeirra getur naumast treyst viðsemjendum sínum í framtíðinni.

3. Þar sem veitingamenn virðast ætla að leggja fram verðlista yfir allan varning með útsöluverði, munu framreiðslumenn, meðan málið er í athugun hjá félagsstjórn, bakreikna þjónustugjald af heildarsölu sem hér segir:

15% þjónustugjald sem 13.05% af sölu
 20% þjónustugjald sem 16.67% af sölu
 30% þjónustugjald sem 23.08% af sölu“.

Hinn 30. marz sl. ritaði stefndi Sambandi veitinga- og gisti-
 húsaeigenda svohljóðandi bréf:

„Almennur félagsfundur Félags framreiðslumanna haldinn
 29. marz 1973 mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum, sem
 S.V.G. hefur frammi gegn félaginu. Komið hefur í ljós, að
 S.V.G. hefur upplýst stjórn F.F. um, að þeir ætli sér (S.V.G.)
 að setja upp nýja verðskrá, þar sem þjónustugjald skal vera
 innifalið og samkvæmt áður nefndri verðskrá skal þjónustu-
 gjald bakreiknast með 11.543%, sem samsvarar rúmlega 11%
 kaupþrygnun.

Þessu hefur verið mótmælt af stjórn F.F., og lýsti S.V.G.
 þá yfir, að þetta væri einhliða ákvörðun þeirra.

Slík vinnubrögð eru frekleg árás á tekjur framreiðslu-
 manna og svívirðing gagnvart félagi þeirra, jafnframt því
 sem hér er um að ræða gróft brot á 4. gr. samninga milli F.F.
 og S.V.G. frá 1972. Jafnframt áskilja framreiðslumenn sér
 rétt til að vinna áfram samkvæmt því fyrirkomulagi, sem
 verið hefur.

Virðingarfyllst, / f. h. Félags framreiðslumanna,
 Óskar Magnússon, formaður“.

Samkvæmt skýrslu Erlings Aspelund kveðst hann rétt fyrir
 kl. 1200 hinn 2. apríl hafa fengið í hendur svohljóðandi til-
 kynningu frá stjórn Félags framreiðslumanna til trúnaðar-
 manna félagsins:

„TRÚNAÐARMENN

Stjórn Félags framreiðslumanna vill benda trúnaðarmön-
 num félagsins á að komi fram matseðlar og vínseðlar, sem eru
 settir upp með söluskatti og þjónustugjaldi, skal trúnaðar-
 maður bakreikna af uppgefnu verði á viðkomandi seðli
 13.05% áður en slegið er á kassa.

Dæmi:	Verð vöru	kr. 1.000.00
	÷ 13.05%	— 130.50
	Verð á kassa	kr. 869.50

Stjórn félagsins vill benda á, að nauðsynlegt er að allir félagsmenn standi saman sem einn maður í máli þessu. Jafnframt skal þess getið að verði misbrestur á, verður viðurlögum beitt.

Þér sem trúnaðarmanni ber að tilkynna þetta öllum félagsmönnum á viðkomandi vinnustað. Stjórnin“.

Hafi hann þá kallað fyrir sig þá framreiðslumenn, sem voru á vakt og bent þeim á, að þeir yrðu að „bomma“, þ. e. stimpla fjárhæðir á kassa samkvæmt hinum nýju verðskrá. Mundi eldhús ekki afgreiða annað. Ef þeir ætluðu að reikna sér annað þjónustugjald — þ. e. annað en það sem nýja gjaldskráin gerði ráð fyrir — mundi hann gefa þeim kvittun, en síðar yrði svo að leita úrskurðar um réttmæti álagningarprósentunnar.

Aspelund segir, að framreiðslumennirnir hafi þá neitað að vinna eftir nýja fyrirkomulaginu, eftir að hafa hringt til félagsins. Hann kveðst þá hafa bent framreiðslumönnum á, að færu þeir út, tæki hann það sem uppsögn af þeirra hálfu. Hafi þeir því næst gengið út af hótelinu. Skömmu síðar hafi þeir komið aftur ásamt formanni félags síns. Hafi málið þá verið rætt. Eftir nokkrar umræður hafi formaðurinn, Óskar Magnússon, bent á, að væri ekki farið eftir fyrirmælum í bréfi Félags framreiðslumanna, yrði ekkert unnið.

Erling Aspelund kveðst þá hafa beðið framreiðslumennina að vera ekki í húsinu. Segir stefnandi að það sé regla, að framreiðslumenn, sem ekki séu að störfum, skuli ekki vera á vinnustað. Hótelstjórinn segir ennfremur, að þrír framreiðslumannanna hafi komið aftur á vakt kl. 1900.

Þessari skýrslu hefur ekki verið hnekkt.

Þennan sama dag ritaði Félag framreiðslumanna Hótel Loftleiðum á þessa leið:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem félagið hefur fengið, gerðist það á Hótel Loftleiðum um hádegisbilið í dag, að hóteltjóri lagði fyrir tvo framreiðslumenn, sem voru að störfum í sal, að taka upp nýtt vinnufyrirkomulag, sem skerða mundi kjör framreiðslumanna mjög verulega. Er framreiðslumennirnir neituðu að verða við þessum fyrirmælum hóteltjórans og kváðust mundu halda óbreyttum vinnuaðferðum, þ. e. að

stimpla á kassa og gera upp á sama grundvelli og tíðkazi hefur, mun hóteltstjóri hafa vísað þeim á brott án fyrirvara.

Félagið litur það mjög alvarlegum augum að reynt sé í trássi við beint ákvæði í síðustu málsgrein 4. gr. kjarasamnings okkar frá 22. 8. 1972, að fá félagsmenn til að taka upp nýjar vinnuáðferðir, sem skerði kjör þeirra. Enn alvarlegri augum er það að sjálfsögðu litið, þegar félagsmönnum er vikið úr starfi fyrir það eitt að halda fast við sammingsbundinn rétt sinn.

Annar manna þeirra, sem þarna var vísað af vinnustað, var trúnaðarmaður félagsins á vinnustaðnum, Bergþór Bergþórs-son, og telur félagið brottrekstur hans, er hann var að sinna starfsskyldum sínum sem slíkur, ótvírætt brot á 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur og jafnframt brot á kjarasamningi eins og brottrekstur hins framreiðslumannsins, Gunnars Stefánssonar.

Félagið skorar hér með á yður að taka nefnda framreiðslumenn aftur í vinnu þegar í stað, bæta þeim tjón það, sem þeir hafa orðið fyrir og biðjast afsökunar á atferli yðar. Að öðrum kosti mun félagið snúa sér til dómstólanna með mál þetta“.

Jafnframt var Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda sent afrit af bréfi þessu og þess óskað, „að þér bregðið skjótt við og fylgist með að Hótel Loftleiðir leiðrétti þau rangindi, sem umræddir framreiðslumenn hafa verið beittir og beitið áhrifum yðar í þá átt að atburðir sem þessi endurtaki sig ekki“.

Deila þessi breiddist svo út til annarra veitingahúsa.

Hinn 4. apríl sl. ritaði Samband veitinga- og gistihúsaeygenda Félagi framreiðslumanna á þessa leið:

„Út af vinnudeilu þeirri, sem nú er risin á milli félaga okkar, er félagsmenn yðar, þann 2. apríl, á Hótel Loftleiðum og síðan á öðrum veitingahúsum neituðu að fara að fyrir-mælum forsvarsmanna veitingahúsanna um að slá inn á kassa heildarandvirði veitinga (inkl. þjónustugjald og söluskatt), viljum við hér með staðfesta þá yfirlýsingu, sem fram kom á fundum með starfsfólki húsanna þann 26. marz s.l., frá hóteltstjórum um að framreiðslumönnum yrði heimilað að

bakreikna þjónustugjald með þeim prósentutölum, er þeir teldu réttar skv. þeim skilningi, sem framreiðslumenn hafa haft um framkvæmd álagningar á þjónustugjaldi, en veitingamenn myndu að sjálfsögðu gera fyrirvara um uppgjör þjónustugjalds.

Á téðum fundum var hóteltjórum afhent ódagsett bréf frá félagi yðar, þar sem veitingamönnum voru kynntar þessar tölur.

Við viljum því nú ítreka, að veitingamenn eru enn reiðubúnir að standa við fyrrgreinda yfirlýsingu sína, en munu að sjálfsögðu móttaka uppgjör á þjónustugjaldi með fyrirvara, unz endanlega hefur verið skorið úr ágreiningi um framkvæmd álagningu þjónustugjalds í máli því, sem nú er rekið fyrir Félagsdómi, enda hefji þá framreiðslumenn störf nú þegar.

Væntum við svara yðar hið allra fyrsta“.

Þessu bréfi svaraði Félag framreiðslumanna 5. apríl á þessa leið:

„Á almennum félagsfundi í Félagi framreiðslumanna, sem haldinn var í dag, var tillaga sú, sem fram kemur í bréfi yðar dags. 4. þ. m. tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld. Fundurinn samþykkti síðan svofellda ályktun:

Almennur félagsfundur í Félagi framreiðslumanna lýsir yfir í tilefni af bréfi S.V.G., dags. 4. þ. m., að framreiðslumenn hafi ætíð verið reiðubúnir að starfa við óbreytt vinnu- og uppgjörsfyrirkomulag. Félagið vítir þau vinnubrögð, sem S.V.G. hefur viðhaft í máli þessu, vísar til niðurlagsákvæðis 4. gr. samnings aðila og ítrekar þá skoðun sína, að einu eðlilegu vinnubrögðin af hálfu S.V.G. í máli þessu hefðu verið þau, að fá skorið úr deilunni um álagningu þjónustugjalds fyrir dómstólunum, áður en verðskrá miðuð við skoðun veitingamanna var lögð fram.

Þetta tilkynnist yður hér með“.

Stóð við hið sama í deilu málsaðilja, þegar mál þetta var flutt munnlega og dómtekið 10. þ. m.

III.

Stefnandi telur, að sú afstaða framreiðslumanna Hótelshótelstöðva, 2. apríl sl., að neita að fara eftir þeim fyrirmælum hótelstjórnans að slá inn á kassa fjárhæðir samkvæmt hinum nýju verðskrá, þ. e. heildarverð veitinga með inniföldu 15% þjónustugjaldi og 13% söluskatti, hafi verið ólöglegt. Þetta hafi þeir gert í samráði við stéttarfélag sitt og að fyrirmælum stjórnar þess, enda hafi forráðamenn félagsins staðið fyrir sams konar vinnuneitun í öðrum hótélum í borginni. Hér sé því um verkfall að ræða. Hann neitar því alfarið að sú tilhögun, sem veitingamenn hafi ákveðið að taka upp um innslátt á kassa, svo sem að framan greinir, sé andstæð 4. gr. kjarasamnings aðilja frá 22. ágúst f. á. Hann telur það fráleitt, að hér sé um þesskonar breytingar á vinnuaðferð að ræða, sem feli í sér skerðingu á kjörum framreiðslumanna, enda sé allt vinnu- og fyrirkomulag óbreytt. En hvað sem því líði, hefði ágreiningur út af slíku atriði heyrt undir dómsvald Félagsdóms og samkvæmt 17. gr. laga nr. 80/1938 sé óheimilt að hefja verkfall, ef ágreiningur er aðeins um atriði, sem Félagsdómur eigi úrskurðarvald um. Sé verkfall framreiðslumanna því beint brot á nefndu lagaákvæði og beri að refsastefnda fyrir það.

Kröfu sína í þriðja lið dómkrafna stefnanda í máli þessu, um tilhögun álagningar á þjónustugjaldi, 15%, og söluskatti, 13%, og skil til veitingamanns, byggir hann á ákvæðum 9. gr. laga nr. 10/1960 og 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970. Heldur hann því fram, að ef það hefði verið ætlan veitingamanna að semja við stefnda um það, að framreiðslumenn legðu 15% þjónustugjald ofan á söluskattinn, þrátt fyrir ákvæði í lögum um söluskattskyldu af þjónustugjaldinu, — en veitingamenn tækju þar með á sig þau auknu útgjöld, sem af slíku fyrirkomulagi leiddi, — hefði þess konar skuldbinding þurft að vera gerð með beinu og ótvíræðu orðalagi í samningi milli málsaðilja. Hins vegar sé algerlega óheimilt að leiða slíka reglu af orðalagi, sem tekið hafi verið upp af öðrum ástæðum, en stefnandi skýrir svo frá, svo sem áður er að vikið, að orðalag 1. gr. kjarasamninga undanfarinna ára, „af verði veitinga til almennings“, sé upphaflega sett að kröfu fram-

reiðslumanna vegna þess að þeir hafi talið veitingamönnum óheimilt að semja um lægra verð við viðskiptamenn en á matseðli greindi.

Þá mótmælir stefnandi því, að hann hafi nokkurn tíma fallizt á þá framkvæmd, sem framreiðslumenn hafi beitt um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins, enda sé hún algerlega andstæð ákvæðum laga um söluskatt. Um þessa aðferð hafi verið deilt við hverja kjarasamningagerð, en veitingamenn hafi aldrei samið sig undir þá skyldu gagnvart framreiðslumönnum að greiða þann mismun á fjárhæð söluskatts, sem fram komi vegna innheimtuaðferðar framreiðslumanna og þeirrar fjárhæðar, sem skattfyrivöld krefðu veitingamenn um vegna söluskattsskyldu af þjónustugjaldinu. Hefur stefnandi um þessi efni vísað til þeirra atriða, sem upp eru talin í atvikalýsingu málsins, og mótmælt því, að nokkur skylda hafi sakir tómlætis eða af öðrum ástæðum fallið á veitingamenn. Sérstaklega hefur hann bent á það, að fráleitt sé, að gjald eins og 2% viðlagasjóðsgjaldið samkvæmt lögum nr. 4/1973, sem ekki eigi að valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu, eigi að geta leitt til kauphækkunar hjá framreiðslumönnum vegna hærri þjónustugjaldsgrundvallar, en til slíkrar niðurstöðu leiði afstaða stefnda. Loks mótmælir stefnandi því eindregið, að kjarasamningurinn frá 22. ágúst hafi bundið honum neinar skyldur á herðar um að fylgja því fyrirkomulagi um álagningu þjónustugjalds, sem stefndi telur að fylgt hafi verið og samningar standi til. Bendir stefnandi í þessu efni til skýlausra fyrirvara af sinni hálfu við þá samningserð.

Af hálfu stefnda er því alfarið neitað, að um verkfall hafi verið að ræða af hálfu félagsmanna hans, er þeir neituðu að taka upp breytta aðferð við pöntun veitinga úr eldhúsi og breytta tilhögun á reikningsskilum þjónustugjalds, sem að hans áliti hefði rýrt launakjör framreiðslumanna verulega frá því, sem verið hefði um margra ára skeið. Telur stefndi, að neitun framreiðslumanna, sem hafi verið í fullu samræmi við ákvörðun stéttarfélags þeirra, hafi verið réttmæt. Heldur hann því fram, að framreiðslumenn þeir, sem hér eigi hlut að máli, mæti til vinnu, þegar þeim ber, og séu tilbúnir að hefja

störf að óbreyttum vinnuaðferðum. Þá bendir stefndi á, að þeir framreiðslumenn, sem hin nýja tilhögun nái ekki til, haldi áfram vinnu með venjulegum hætti.

Rök stefnda fyrir því, að framreiðslumönnum hafi verið rétt að hafna breyttri vinnuframkvæmd, eru í höfuðatriðum þau, að hin nýja skipan brjóti í bág við 5. mgr. 4. gr. kjarasamnings aðilja frá 22. ágúst 1972, en með því ákvæði skuldbindi veitingamenn sig til þess að taka ekki upp nýjar vinnuaðferðir, er skerði kjör framreiðslumanna. Í annan stað heldur stefndi því fram, að fyrirmæli hótelstjóra Loftleiða til framreiðslumanna 2. apríl fái alls ekki samrýmst yfirlýsingu stefnanda frá 4. júní 1965, en hennar er áður getið, — því þar sé um svo ótvíræða yfirlýsingu að ræða, að enginn vafi geti verið um efni hennar. Af þessu leiði, að sýkna beri stefnda alfarið af þeirri kröfu stefnanda, að framreiðslumenn hafi gerzt sekir um að hefja ólögmætt verkfall. Þvert á móti telur stefndi, að með viðbrögðum sínum við neitun framreiðslumanna á hádegi 2. apríl sl., hafi hótelstjórinn á Hótel Loftleiðir hafið verkban, án þess að fullnægt hafi verið ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938. Beri því að dæma verkbannið ólögmætt, svo sem stefndi krefst í 1. lið gagnkrafna sinna, og dæma stefnanda, sem að þessu verkbanni standi, til að greiða sekt vegna þessarar ólögmætu athafnar sinnar.

Sýknukrafa stefnda að því er varðar 3. kröfulið í dómkröfum stefnanda og rök hans fyrir 3. lið gagnkröfu sinnar — en þessir kröfuliðir báðir lúta að sama málsatriði, — eru í höfuðatriðum á því reist, að framreiðslumönnum sé rétt að reikna sér þjónustugjald af öllu verði seldra veitinga, öðru en þjónustugjaldi. Telur stefndi, að þessi réttur þeirra byggist í fyrsta lagi á upphafsákvæði 1. gr. kjarasamnings aðilja, enda sé sá skilningur einn eðlilegur. Í annan stað hafi verið um þetta samið, svo sem fram komi af verðskrá, sem aðiljar hafi sameiginlega staðið að, og loks verði tómlæti veitingamanna allar götur frá 13. maí 1965 um að fá endanlega skorið úr þessu ágreiningsefni ekki skýrt á annan hátt en þann, að veitingamenn hafi fallizt á skoðun framreiðslumanna um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins. Telur stefndi samkvæmt þessu að sýkna beri sig af 3. kröfulið

stefnanda, en hins vegar beri að taka 3. lið gagnkröfu sinnar að öllu leyti til greina.

IV.

Dómkröfur stefnanda og gagnkröfur stefnda lúta alfarið að sömu efnisatriðum, og eru að öllu leyti samkynja og samstæðar. Verða þær því dæmdar í senn.

1. Verkfall eða verkþann.

Atvik að ágreiningi þeim, er upp kom 2. apríl milli hóteltjóra Hótels Loftleída og framreiðslumanna þeirra, er þá voru að störfum, eru rakin ítarlega hér að framan undir II svo og tildrög árekesturs þess, er varð sama dag milli hóteltjórans og forráðamanna stefnda, er leiddi til þess, að vinna þeirra framreiðslumanna, er hlut áttu að máli, féll niður.

Telja verður, að hóteltjórinn Erling Aspelund hafi eigi farið út yfir valdmörk sín sem hóteltjóri, þegar hann gaf framreiðslumönnum þeim, er störfuðu á hótelinu, fyrirmæli um að fylgja þeim reglum, sem veitingamenn höfðu sett um framkvæmd nýrrar tilhögunar þess efnis, að framvegis yrði þjónustugjaldið og söluskatturinn innifalið í verði veitingahúsanna, og að reikningsskil framreiðslumanns að lokinni vakt hans skyldu gerð á sérstökum eyðublöðum. Bar framreiðslumönnum að fara eftir þeim reglum og var óheimilt að neita að beita þeim við vinnu sína eða neita að vinna á þeim grundvelli. Hins vegar áttu framreiðslumenn rétt á því að bera réttmæti hinnar nýju skipunar undir dómstól, ef þeir töldu hana brjóta í bág við fyrirmæli eða samningsákvæði í kjarasamningi aðilja. Hefur stefndi m. a. sett fram þá staðhæfingu, sem reyndar hefur ekki verið studd neinum rökum, að hin nýja skipan leiði til aukins erfiðis fyrir framreiðslumenn. Þá hefur hann og talið, að hin nýja skipan svipti hann ranglega réttmætu þjónustugjaldi. Af skýrslu hóteltjórans er ljóst, að þótt framreiðslumönnum væri lagt á herðar að slá á kassa, „bomma“, fjárhæðir samkvæmt hinum nýju verðskrá, gátu þeir reiknað sér þjónustugjald eftir þeim reglum, er þeir töldu eiga að gilda, en síðar yrði svo skorið úr um réttmæti þess hundraðshluta þjónustugjaldsins, sem framreiðslumenn reiknuðu sér.

Samkvæmt því, sem rakið er í atvikalýsingu í II. kafla hér að framan, er fram komið, að framreiðslumenn á Hótel Loftleiðum neituðu í samráði við stjórn stéttarfélags síns og með fullu samþykki hennar að fara eftir lögsmætum fyrir mælum hóteltjórans um framkvæmd vinnutilhögunar á vinnustað vegna ágreinings um skilning á ákvæðum kjarasamnings milli Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda og Félags framreiðslumanna frá 22. ágúst 1972. Hafa framreiðslumenn enn haldið þeirri afstöðu. Þessum viðbrögðum framreiðslumanna og stéttarfélags þeirra ber að jafna til verkfalls. Samkvæmt II. kafla laga nr. 80/1938 og þar sem hér er um að ræða ágreining út af skilningi á 4. gr. kjarasamnings aðilja, en um þann ágreining átti Félagsdómur úrskurðarvald, var verkfall út af þeim ágreiningi óheimilt samkvæmt 1. lið 17. gr. sömu laga og ber samkvæmt því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að það verði dæmt ólöglegt.

Eftir atvikum og með tilliti til allra málavaxta verður stefndi ekki dæmdur til greiðslu sektar.

2. Ágreiningur um álagningargrundvöll þjónustugjalds, þ. e. 3. liður dómkragna stefnanda og 3. liður gagnkragna stefnda.

Í málavaxtalýsingu I. kafla hér að framan eru rakin samskipti málsaðilja og deilur um þjónustugjaldið allt frá árinu 1965. Af þeirri atvikalýsingu kemur fram, að ágreiningur um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins hefur verið stöðugur fylgifiskur við kjarasamningagerð málsaðilja, án þess að nefndur ágreiningur hafi nokkru sinni verið brotinn til mergjar. Þessi ágreiningur hefur, eins og fram kemur af málavaxtalýsingu, verið í því fölginn, að framreiðslumenn hafa reiknað þjónustugjaldið af verði veitinganna að viðlögðum söluskatti, en ekki fylgt reglum skattfyrvalda um það, að reikna bæri söluskatt af þjónustugjaldi. Veitingamenn hafa hins vegar orðið að inna af hendi söluskatt af verði seldrar vöru og þjónustu, sem varð hærri en söluskattur sá, er framreiðslumenn innheimtu af viðskiptamönnum. Verður þessi mismunur því hærri sem söluskattur eða önnur þvilík gjöld, sem lögð eru á vörur og þjónustu, hækka, en þjónustugjald og þar með launatekjur framreiðslumanna hækka þá

að sama skapi. Getur þessi regla leitt til þess, að ákvæði laga um tiltekna skattaálögu leiði til beinnar íþyngingar fyrir veitingamenn, en beinnar launahækkunar fyrir framreiðslumenn. Kom þetta upp, eins og að framan greinir, er 2% viðlagagjald var lagt á með lögum nr. 4/1973, en það varð beint tilefni þess, að upp kom enn deilan um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins.

Þegar lítið er til samskipta og kjarasamninga aðilja máls þessa á undanförunum árum, ber að hafa það í huga, að hver kjarasamningur gildir fyrir ákveðið tímabil og verður fyrst og fremst að meta ákvæði hvers einstaks kjarasamnings út frá þeim kröfum, sem settar eru fram við samningsgerð, viðbrögð við þeim og afgreiðslu þeirra á einstökum samningsatriðum eða samningnum í heild.

Ljóst er, að við gerð kjarasamnings þess, er undirritaður var 22. ágúst f. á. og gildir til 1. nóvember 1973, hefur verið tvímælalaus og augljós ágreiningur með samningsaðiljum um það, hvornig reikna skyldi þjónustugjaldið. Voru skýlausir fyrirvarar um þetta fyrst ritaðir með undirskrift samningsaðilja á samkomulag það, sem samninganefndir undirrituðu 22. júlí, en síðar var fellt í Félagi framreiðslumanna. Við undirritun kjarasamningsins 22. ágúst 1972 afhentu fulltrúar veitingamanna yfirlýsingu þá, sem að framan er lýst, og mátti fulltrúum stefndu, þá þegar við undirritun, vera fullljóst, að fulltrúar veitingamanna hefðu ekki fallið frá afstöðu þeirri, sem fram kom af þeirra hálfu við undirritun samkomulagsins frá 22. júlí sama ár.

Með hliðsjón af þessari augljósu afstöðu aðilja við samningsgerð og undirritun kjarasamningsins frá 22. ágúst, sbr. og bréf stefnda til stefnanda, dags. 5. þ. m., verður að líta svo á, að fyrirvari sá, sem gerður var við undirskrift nefnds samnings, hafi verið með þeim hætti, að 2. málsliður 1. mgr. 1. gr. hans hafi ekki að geyma samningsákvæði, sem taki til þess ágreiningsefnis, sem 3. kröfuliður í dómkröfum beggja málsaðilja felur í sér. Og þar sem önnur ákvæði kjarasamningsins taka ekki heldur til þessa atriðis, dæmir Félagsdómur ekki efnislega um þann ágreining, sem felst í nefndum kröfuliðum, sbr. 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938.

Dómendur eru og sammála um, að ekki verði heldur lagður dómur á þessa kröfu samkvæmt 3. lið 44. gr. sömu laga, þegar af þeirri ástæðu, að málsaðiljar hafa hvorki samið ótvírætt um það, að Félagsdómur beiti þeirri heimild til að dæma í máli út af samskiptum þeirra við samningagerðina í ágúst 1972, né heldur hafa þeir samið um að Félagsdómur dæmi í margnefndu ágreiningsefni sem gerðardómur.

Samkvæmt því er 3. kröfulið í kröfugerð beggja aðilja vísað frá Félagsdómi.

Þegar hafðir eru í huga þeir miklu hagsmunir, sem í húfi eru fyrir báða málsaðilja, að því er varðar lögmati vinnustöðvunar þeirrar, sem um er deilt í máli þessu, þykir rétt með vísun til 69. gr. laga nr. 80/1938 að dæma málið í heild, þrátt fyrir ákvæði 108. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Vinnustöðvun, er hófst á Hótel Loftleiðum 2. apríl sl., er verkfall af hálfu framreiðslumanna, og er verkfallið ólögmaett.

Þriðja kröfulið í dómkröfum stefnanda, Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda f. h. Hótel Loftleiða og 3ja kröfulið í gagnkröfum stefnda, Alþýðusambands Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna þess á Hótel Loftleiðum, er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi og stefndi eiga að vera sýknir af refsikröfum hvors annars í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Frávísunarákvæði Félagsdóms var skotið til Hæstaréttar.

Dómur Hæstaréttar 16. júlí 1973.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl 1973, sem Hæstarétti barst 14. maí s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm um þá þætti málsins, sem

frávísað var. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð. Ágreiningur málsaðilja er um það, hvort álagningarstofn 15% þjónustugjaldsins sé verð veitinga að viðbættum sölu-skatti eða án hans. Skilur aðilja því í raun rétttri á um það, hversu hátt þjónustugjald framreiðslumenn megi reikna sér samkvæmt 1. gr. kjarasamnings 22. ágúst 1972. Þykir Félagsdómur eiga úrlausn þess ágreiningsefnis, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella úr gildi frávísunar-ákvæði hins kærða dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Frávísunarákvæði hins kærða dóms er úr gildi fellt.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 1/1973. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Guðmundur Yngvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Þorsteinn Geirsson hrl.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson borgardómari, Ragnar Jónsson hrl., Þórður Björnsson yfirsakadómari, Bjarni Sigurðsson prestur og Egill Sigurgeirsson hrl.

Deilt um gildi uppsagnar sammings samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/1962.

Dómur.

Mál þetta hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja höfðað fyrir hönd Sambands íslenskra barnakennara skv. heimild í 25. gr. laga nr. 55/1962 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs